ja allir, og lifir hann helzt í mold, en kemur opt í regni ofan á jörðina, einnig skömmu fyrir rigningu. Ormur þessi hefir merkilegan mátt til nýrrar framleiðslu, því sjerhver stúfur sem af honum er skorin, verður að öðrum ánamaðgi. Óteljandi ormar lifa í sjónum.

Innýfla-ormarnir eru bæði í mönnum og skepnum, t. d. í manninum, í vöðvum, lifur, heila, blóði og galli, (meir en 20 kyns). Til hinna algengustu heyrir spólormurinn, svartur, og langur, sem ánamaðgur, og sá litli hviti nálgur, sem mjög opt hvorutveggja fyrnsbí börnum á ungbörnum, þeir verða burtdrifnir með salti og reinfan.[1]. Allra verstir eru bandormurinn, sem bæði er opt innan í manninum, og ekki allsjaldan öðrum dýrum sem orðsakað getur megnar kvalir og á endanum dauðan, þá er ekki gott að drepa, þar eð vex nýr liður fram af höfðinu, verði það ekki með ofangreindum meðölum. Nokkrir innýfla-ormar kallast blóðormar, sem orðsaka opt sótt og dauða á mönnum og fjenaði. og hafa þeir sjed þá sem nokkurntíma hafa sjed sem menn kalla vatnsulli. Opt eru þeir í heila á sauðfje, og orðsakar þá höfuðsótt.

6. LINDÝR.

Lindýrunum má skipta í tvo flokka: þeim sem hafa höfuð, og hin höfuðlausu. Flest af dýrum þessum hafa mikin edlismátt til nýrrar framleiðslu.

Til þeirra sem hafa höfuð heyrir einkanlega snigillinn og flekkisteurinn (sepia officialis), Snigillinn